

Nd.

314. Frumvarp til laga

[97. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. febr.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Breiðdalshreppi jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Breiðdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Marinó Jóhannssyni og Kristbirni Jóhannssyni, Tunguseli, Sauðaneshreppi, jörðina Þorsteinsstaði í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Kaupendum er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.